

Stýrihópur um nýtt íþróttahús á Höfn

2. fundur 29. febrúar 2024

Mættir. Björgvin Sigurjónsson, Björgvin Erlendsson Guðrún Stefanía Vopnfjörð Ingólfsdóttir fulltrúar í stýrihóp. Auk þeirra starfsmenn sveitarfélagsins Björn Þór Imsland sem er starfsmaður nefndarinnar, Brynja Dögg Ingólfsdóttir, Bartek Andresson Kass, Sigurjón Andrésson og Þórgunnur Torfadóttir sem ritaði fundargerð

1. Farið yfir aðgengi að gögnum. Ákveðið að halda utan um gögn og fundargerðir á Teams og setja þau þaðan inn í ONE. Búið er að óska eftir tengingu milli ONE og TEAMS hjá One system.
2. Hvenær ætti að fá hönnuð að málinu? Við fáum sennilega Verkís í verkfræðihönnunina þeir, þekkja vel til hér og Ask í hönnun. Starfsmenn leggja áherslu á að fá hönnuð að málinu sem fyrst til að einfalda hlutina og gera þá skilvirkari. **Ákveðið að fá hönnuði strax eftir páska.** Mikilvægt að ræða við hönnuði að hægt sé að nýta hefðbundnar einingar sem t.d. límré geta framleitt.
3. Farið yfir hvaða hús á að skoða 21. og 22. mars nk.
 - a. Flúðir,
 - b. Þorlákshöfn
 - c. Selfoss
 - d. ÍR húsið – Akranes og kannski eitt annað á stór Reykjavíkursvæðinu Svo er hægt að hafa í bakhöndinni að skoða hús austur á landi.
 - e. Fjarðabyggð
 - f. Egilsstaðir
 - g. Fá hugmyndir hjá hönnuðum líka hvort það eru önnur hús sem væri gott að skoða. Björn heyrir í hönnuðum. Eftir fundinn kom fram ábending frá forstöðumanni íþróttamannvirkja að skoða Framheimilið í Úlfársárdal og Valsheimilið.
4. Starfsmenn skipuleggja ferðina og fá aðila til að taka á móti hópnum.
5. Rætt hvort það ætti að skoða hús þar sem væri verið að byggja við eins og ef t.d. byggt yrði við gamla húsið okkar. Það er ekki slegið út af borðinu og í Þorlákshöfn og á Flúðum hefur t.d. verið byggt við.
6. Skipulagsgögn. Farið yfir deiliskipulag sem er að fara í auglýsingu. Vegagerðarhúsið er víkjandi á því skipulagi.
7. Skipulag fyrir næsta fund.
 - a. Skoða gögn sem eru komin inn
 - b. Skoða vel hvað við viljum sjá í þessu nýja húsi